

## MINNISBLAÐ

### DAGS.

26.04.2021

### SENDANDI

Guðmundur Hjaltason  
Anne B Hansen

### MÁLEFNI

Héraðsskjalasafn Árnesinga - Húsnæði

### DREIFING

Eyþór H. Ólafsson Héraðsnefnd Árnesinga

### Héraðsskjalasafn Árnesinga, húsnæði – niðurstaða útboðs

Verkið, Héraðsskjalasafn Árnesinga – Húsnæði, var boðið út í opnu útboði í apríl 2021. Opnun tilboða fór fram 23. apríl 2021. Eitt tilboð barst í verkefnið, frá félaginu Akurhólar ehf., að upphæð 389.080.000 kr. Tilboðið miðast við að húsnæðið verði í byggingu sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni Austurvegur 60-60b á Selfossi. Byggingin mun, auk safnsins, hýsa íbúðir á efri hæðum hússins. Safninu er ætlað húsnæði á jarðhæð og í kjallara. Tilboðsverð deilt niður á boðna fermetra hússins er um 556.000 kr.

Með tilboðinu fylgja drög að aðaluppdráttum hússins, auk deiliskipulagsuppdráttar og þrívíddarteikninga. Enn fremur fylgir stutt greinargerð með lýsingu á húsnæðinu.

Bjóðandi sendi inn tilboð sitt sem eina tölu, án frekari sundurliðunar.

Ekki var gert frávikstilboð með annarri tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnum er varða tímasetningar, staðsetningu, stærðir o.fl.

Verktaki skilað með tilboði sínu, öllum þeim gögnum sem krafist var að tilboðinu skyldi fylgja, sbr gr. 0.4.2 í útboðslýsingu.

Nokkur atriði varðandi kröfur sem fram koma í byggingarlýsingu útboðsgagna:

Grein 1.2.1 Staðsetning. Húsnæðið uppfyllir óskir um staðsetningu, miðsvæðis á Selfossi, og er innan tilgreinds svæðis.

Grein 1.2.3 Skipulagsmál. Byggingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag.

Grein 1.2.4 Aðkoma, bílastæði og frágangur lóðar. Endanlegur frágangur bílastæða og lóðar liggur ekki fyrir. Svigrúm til aðgengis bíla er takmarkað og eftir er að sýna hvernig gengið verður frá lóð, þannig að aðkoma að húsinu verði góð, ekki síst með tilliti til flutninga og vöruafhendingar.

Grein 1.2.5 Frágangur utanhúss. Húsið verður, samkvæmt lýsingu bjóðanda, klætt með álklæðningu.

Grein 1.2.6 Frágangur innanhúss. Í tilboði bjóðanda er gert ráð fyrir að húsnæðinu verði skilað fullbúnu, með föstum innréttingum, gólfefnum, loftræsi-, rafmagns-, og hitakerfum. Auk þess sem tilheyrandi eldvarnir verða í húsinu sem uppfylla kröfur Héraðsskjalasafnsins.

Í byggingarlýsingu útboðsgagna, kafla 1.3, er húsrýmisáætlun. Þar er tilgreind æskileg stærð einstakra rýma í 10 liðum. Heildarstærð þess rýmis sem bjóðandi býður í tilboði sínu, uppfyllir samanlagða stærð húsrýmisáætlunar. Í tilboði sínu tilgreinir bjóðandi að nánari útfærslur, innra skipulag og efnisval verði unnið í samstarfi milli verktaka og verkkaupa.

Í útboðslýsingu er tilgreint að við mat á tilboðum verði litið til ýmissa atriða varðandi þá byggingu sem verktaki býður í tilboði sínu, s.s. staðsetningar, aðkomu, öryggi gagna, áætlaðs líftíma, innra skipulags, sveigjanleika og umhverfis, auk verðs.

Miðað við þau gögn sem fyrir liggja, hefur ekkert komið fram annað en að tilboðið geti uppfyllt kröfur útboðsgagna.